


# Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

## Kennsluáætlun



Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur/hópur: 5. bekkur

Kennari: Þorbjörg Valdimarsdóttir

Tímabil: Skólaárið 2023-2024

### Hæfniviðmið:

- Geti valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda
- Geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum. Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Geti áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum. Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þríviddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

### Helstu námsbækur og gögn:

- Stika 1A
- Stika 1B
- Verkefnablöð frá kennara

### Leiðsagnarmat:

- Könnun í lok hverrar lotu. Kennari gefur einkunn og skilar til nemenda og foreldra.
- Hópverkefni sem nemendur skila til kennara.

## **Viðfangsefni.**

### **Lota 1. (September og október).**

#### **Heilar tölur**

pósitífar og negatívar tölur  
tugakerfið  
samlagning og frádráttur  
margföldun og deiling

### **Lota 2. (nóvember).**

#### **Tugabrot**

tíundu hluta og hundraðshluta  
námundun og slumpreikning  
samlagning og frádráttur með tugabrotum

### **Lota 3. (desember og janúar).**

#### **Rúmfræði**

eiginleika og einkenni mismunandi forma sérstaklega ferhyrninga og þríhyrninga  
samhverfa, hliðrun og snúningar.  
horn  
mælingar á lengd, ummáli og flatarmáli  
mælikvarðar

### **Lota 4. (febrúar og mars).**

#### **Almenn brot**

almenn brot sem hluti af heild  
teikna brot á ýmsa vegu  
leggja saman og draga frá með almennum brotum  
bera saman mismunandi brot.

### **Lota 5. (apríl).**

#### **Mynstur**

búa til mynstur með hliðrun, speglun og snúningi  
nota rökhugsun til að búa til mynstur með myndum og tölu

**Lota 6. (maí).**

**Tölfræði**

kannanir  
flokkun svara og talning  
súlurit  
miðgildi og tíðasta gildi